



# HAFNARFJÖRÐUR

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 27.03.2020  
0809375 GþG

**Efni: Breyting á deiliskipulagi er nært til íþróttasvæðis Hauka við Ásvelli, Hafnarfirði.**

**Á fundi bæjarstjórnar þ. 18. mars sl. var eftirfarandi tekið fyrir:**

Ásvellir, Haukasvæði, breyting á deiliskipulagi.

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 10.mars sl.

Skipulags og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 10.9.2019 að auglýsa framlagða deiliskipulagstillögu í samræmi við 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísaði tillöggunni til afgreiðslu bæjarstjórnar. Bæjarstjórn samþykki afgreiðslu skipulags- og byggingaráðs á fundi sínum þann 18.9.2019 með 9 greiddum atkvæðum. Tillagan var auglýst tímabilið 11.11.-23.12.2019. Ein athugasemd barst. Á fundi skipulags- og byggingaráðs dags. 14.1.2020 var skipulagsfulltrúa falið að taka saman greinargerð vegna framkominna athugasemda. Greinargerð skipulagsfulltrúa dags. 06.03.2020 lögð fram.

Greinagerð skipulagsfulltrúa gerir góða grein fyrir ferli deiliskipulagsins. Í greinagerðinni kemur fram að gott samráð hefur verið haft við íbúa um deiliskipulagstillöguna m.a. með íbúafundi. Einnig að leitað hafi verið umsagnar Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar og að brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Skipulags- og byggingarráð er sammála um að Ástjörnina og friðlandið við hana beri að vernda og bendir á að byggingarreitur knatthússins er allur innan lóðarmarka íþróttasvæðisins. Skipulags- og byggingarráð samþykkir deiliskipulagið og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulags- og byggingaráðs með 9 atkvæðum en fulltrúar Samfylkingarinnar sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.**

*Nú er óskað eftir að birta breytinguna í B-deild Stjórnartíðinda.*

Hjálögð gögn.

Auglýsingar deiliskipulagsbreytinga.

Fundargerð frá íbúafundi þann 29.8.2019.

Bréf þeirra sem athugsemdir gerðu á auglýsingartíma 14.12.2019 ásamt fylgigögnum.

Greinagerð skipulagsfulltrúa vegna athugasemda dags. 6.3.2020

Bréf til þeirra sem gerðu athugasemdir dags. 27.3.2020

Viðbætur við greinagerð á deiliskipulagsuppdrætti sem færðar hafa verið inn á uppdrátt

Deiliskipulagsuppdrátur og skyringaruppdráttur.

F.h. skipulagsfulltrúa.

Virðingarfyllst,

Guðnþóra Guðmundsdóttir arkitekt